

Miðvikudaginn 28. október 1970.

Nr. 22/1970. **Kjötverzlun Tómasar Jónssonar**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Sigurði Ágústssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1970. Krefst hann þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi lét sækja þing í héraði, en þingsókn hans féll þar niður á síðara stigi málsins. Í greinargerð í héraði voru kröfur hans eigi studdar neinum haldbærum rökum. Sakarfeni er mjög einfalt. Voru hagsmunir áfrýjanda á engan hátt fyrir borð bornir, þótt málið, sem bar undir verzlunardóm, væri rekið fyrir bæjarþinginu og sérfróðir meðdómendur eigi til kvaddir. Engin sýknuástæða hefur verið höfð uppi í Hæstarétti af hálfu áfrýjanda. Að svo vöxnu máli þykir mega staðfesta héraðsdóminn með skirskotun til forsendna hans að öðru leyti en því, að ársvextir ákveðast 7%.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 9.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ársvextir ákveðast 7%.

Áfrýjandi, Kjötverzlun Tómasar Jónssonar, greiði

stefnda, Sigurði Ágústssyni, kr. 9.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. janúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. janúar s.l., hefur Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður, Garðastræti 41, Reykjavík, höfðað f. h. Sigurðar Ágústssonar kaupmanns, Stykkishólmi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 22. apríl 1969, gegn Garðari Svavarssyni f. h. Kjötverzlunar Tómasar Jónssonar, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 20.000.00 með 12% ársvöxtum af kr. 15.000.00 frá 1. marz 1968 til 31. júlí 1968, en af allri fjárhæðinni frá 1. ágúst 1968 til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlaus samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Stefnandi segir skuldina til komna vegna úttektar stefnda á lunda í verzlun stefnanda hinn 17. febrúar 1968, 1.500 stk. á kr. 10.00 pr. stk., og aftur hinn 10. júlí 1968, 500 stk. á kr. 10.00 pr. stk., eða samtals 2.000 stk. á kr. 10.00 pr. stk., samtals kr. 20.000.00, sem sé stefnufjárhæðin.

Stefndi hefur krafizt sýknu að svo stöddu, en til vara krefst stefndi þess, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Þá mótmælir stefndi vöxtum nema frá stefnudegi. Enn fremur krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að Sigurður Ágústsson hafi lofað sér lengri gjaldfresti en orðinn sé. Sé því krafan enn ekki í gjalddaga fallin.

Varakröfu sína rökstyður stefndi með því, að verð það, sem tilgreint sé í nótum, sé of hátt. Segir stefndi, að verð á lunda á þeim tíma, sem hér um ræðir, hafi ekki verið svona hátt og vilji hann því ekki sæta því að greiða hærra verð en gangverð.

Þar að auki kveðst stefndi eiga gagnkröfu á Sigurð Ágústsson og/eða verzlun hans, sem stefndi áskilur sér rétt til að koma að sem gagnkröfu í máli þessu, enda hafi stefnandi trassað að greiða skuld þessa og raunverulega synjað fyrir greiðslu hennar með því að draga hana ekki frá kröfu sinni.

Þá er mál þetta var tekið fyrir 12. janúar s.l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda, og var málið dómtekið að kröfu umboðsmanns stefnanda samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936.

Hinn 10. desember s.l. kom stefnandi málsins, Sigurður Ágústsson, fyrir dóm. Stefnandi kvaðst ekki minnast þess, að sérstaklega hefði verið samið um gjaldfrest vegna skuldar þessarar,

heldur hafi meiningin verið að veita venjulegan gjaldfrest, sem stefnandi sagði, að væru tveir til þrír mánuðir. Stefnandi kvaðst hafa margreynt að innheimta skuldina, áður en hann afhenti hana lögfræðingi til innheimtu.

Stefnandi sagði, að verð það, sem hann krefst fyrir lunda þann, sem hann seldi stefnda, sé sama verð og hann hafi selt öðrum lunda á þessum tíma, en hann hafi selt mjög mikið af lunda á þeim tíma og viti hann ekki til, að lundi hafi verið seldur á lægra verði annars staðar.

Af því, sem hér hefur verið rakið, og þegar litið er til þess, að stefndi hefur ekki sannað eða gert neinar tilraunir til þess að sanna fullyrðingar sínar um lengri gjaldfrest, of hátt verð á lundanum ellegar komið með gagnkröfu þá, sem hann kvaðst eiga á stefnanda, þá þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.300.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Garðar Svavarsson f. h. Kjötverzlunar Tómasar Jónssonar, greiði stefnanda, Sigurði Ágústssyni, kr. 20.000.00 með 12% ársvöxtum af kr. 15.000.00 frá 1. marz 1968 til 31. júlí 1968, en af kr. 20.000.00 frá 1. ágúst 1968 til greiðsludags, og kr. 6.300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
